

# Fundargerð

## Fulltrúar fjallahjólamennsku innan friðlandsins

Fundarstaður: Reykjavík, Suðurlandsbraut 24, Umhverfisstofnun

Fundartími: 5. júní 2019, 11:00-12:00

Fundarritari: Þórdís Björt Sigþórsdóttir

*Afrit sent á alla fundarmenn til samþykktar*

### Fundarmenn:

Ásta, Icebike, asta@icebikeadventures.com

Magni, Icebike, magne@icebikeadventures.com

Davíð Þór Sigurðsson, Fjallahjólalagabandalagið dabbisig@hotmail.com

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

### Fundardagskrá

1. Farið yfir áherslur fundarins og hvaða afurð við leitum eftir í lok fundar.
2. Kynning á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar um friðland að Fjallabaki.
3. Farið yfir drög af korti.
4. Farið yfir sérreglur um umferð og dvöl og þá möguleika að takmarka umferð á viðkvæmum svæðum,
  - a. viðkvæmstu svæðin eru háhitasvæðin sem er innan Torfajökulsöskjunnar og má því gera ráð fyrir að Askja sjálf verði afmörkuð sem mjög viðkvæmt svæði.
5. Önnur mál sem þarf að bæta eða laga innan friðlandsins.
  1. Hákon fer yfir áherslur fundarins og hvað leitast verður að að ræða, markmið og lokaafurð. Umhverfisstofnun vill fá sem flestar upplýsingar frá þeim aðilum sem eru að nýta friðlandið til hjólaferða, s.s. hvað þarf að bæta, einhverjar sérstakar reglur sem þeir telja að þurfi að setja, umferðarreglur og annað sem þarf að gera til að bæta umferð og umgengni hjólreiðamanna.
  2. Þórdís kynnir hvað stjórnunar- og verndaráætlun felur í sér svo allir fundarmenn séu meðvitaðir um þá vinnu.

3. Mikið af leiðum á þessu korti eru stikaðar, ekki komið stígur sem hentar hjólum heldur bara stikuð gönguleið sem þarf að ganga í nokkur ár til að verði góð hjólaleið. Fjallahjólreiðamenn hjóla bara á gömlum gönguleiðum, þær leiðir sem eru stikaðar en ekki orðnar greiðfærar gönguleiðir geta þeir ekki hjólað fyrr en eftir kannski 10 ár þegar þær eru orðnar vel þjappaðar.

Leiðin inn að Skalla – ávalar hæðir – reynt að stika milli hæðanna, það eru mjúkar mýrarlægðir inn á milli – út frá Laugavegi inn í Skallahring, byrjunin mjög óljós, fólk að leita að þessari leið, myndast aldrei skýr einstigi nema þetta verði þéttar stikað – *Aðgerð: þeir myndu vilja fá þéttari stikun þannig að það myndist greið leið með tímanum.*

Hákon: Purfa að taka út þessa leið betur og förum í það að stika þéttar.

Skallahringurinn mikið hjólaður í ágúst/september.

Suðurnámur líka vinsæl leið – fara upp Vondugilin, halda á hjólunum upp, afmarkaður hópur sem getur farið Suðurnámur, mjög bratt niður norðanmegin, predika að fylgja slóðanum ekki fara hratt, farið að sjá á honum síðustu ár, lítur illa út.

Ekki óvitlaust að vera með skilti og benda hjólreiðafólki að fara mjög varlega á þessu svæði öllu, auðvelt að skemma ef maður hjólar illa, upplýsingagjöf í upphafi leiðar.

Þegar áætlunin er komin út, vera með kynningarfundir/fræðslufundi.

Í 90% tilfella snúast skemmdir um aulaskap.

Ljótípollur mjög vinsæl, sú leið sér ekkert á milli ára,

### **Eru einhverjar leiðir sem hjólreiðamenn leggja til að verði ekki hjólaleiðir?**

Davíð: Leiðin inn í Vondugil þyrfti allavega að vera lagfærð eða færð út á áreyrnar, Hákon: Verið að vinna í því.

Magni: Þetta svæði er það erfitt fyrir hjól, það eru það fáir sem færu þær leiðir sem ætti að banna? vandamálið er að þetta er mikið af hringjum og tengingum, gæti lokað hringjum ef menn fara að loka ákveðnum leiðum.

Einn fundarmaður lenti í því að það var lokað í Vondugil, komu úr hinni áttinni, komu niður og vissu ekki af lokuninni. Eini staðurinn sem sjást skemmdir eftir hjól og gangandi er þessi leið.

### **Eru hjólreiðamenn að upplifa áreksta við aðra útivistarhópa?**

Magni: Laugahraunið, reyna að vera seint þegar rúturnar eru farnar, mikil dagtraffík, gæti verið leiðbeiningar, mikil gangandi umferð, bann væri „killer“ þar, koma í veg fyrir árekstra. Í lagi þeirra vegna að hjólreiðamenn hvattir til að reiða hjólin að hluta, þar sem mesta traffíkin er,

Davíð – hefur ekkert komið til tals að gera hringferð fyrir traffíkina? Hákon, Grænagilið til baka, það er í rauninni ekki nein önnur leið, umdeildur göngustígur í hrauninu, ætla að fara í umbætur í Grænagilið, hugmyndin að gera einstefnu í Grænagilið.

Ekki lagt til að að loka neinum leiðum en átta sig á viðkvæmni ólíkra svæða.

### **Sumir hjólreiðamenn geta skemmt fyrir:**

Fara upp Laugavegin og svo yfir Brennisteinsöldu, þessi leið er bein og hröð, þar geta þeir sem ekki þekkja til verið dónalegir, hraður kafli, oft ekki mikið af göngufólki en sér fyrir sér að hjólreiðamaður geti auðveldlega skemmt fyrir, þyrfti að vera mjög skýr tilmæli, kosturinn er útsýni, göngufólki á réttinn.

Á svæði þar sem eru hestar líka eru leiðir torfarnari.

Fólk farið að verða meira gagnrýnið á hvort annað í hjólabransanum.

Áhyggjur af Hattveri – Magni – sá slóði svo harður getur ekki hjólað út fyrir það. Hattver er ekki spennandi hjólaleið – einn á mánuði kannski sem er að fara þá leið. Mikilvægt að auka fræðslu og leiðbeiningar.

### **Umhverfisstofnun hefur áhug á að skilgreina nokkrar „góðar“ leiðir sem hægt er að leiðbeina þeim hjólreiðamönnum sem eru ef til vill ekki staðarkunnugir og mjög vanir**

Góð leið: Ljótapolshringur og Hellismannaleið, þ.e. Laugar-Hellir gönguleiðina. Þessar tvær leiðir kæmu mögulega til greina sem „góðar“ hjólaleiðir. Þá þyrfti betri stikun í gilindu.

Aðgerð: Fulltrúar hjólreiðamanna ætla að senda track á Umhverfisstofnun. senda track á okkur. Gætum flokkað þetta? Erfið leið, auðveld leið. Ekki hringur reyndar, gætu hjólað veginn til baka. Hellisleið.

### **Aðrar aðgerðir sem hjólreiðamenn myndu vilja sjá gerast innan friðlandsins:**

Magni: það er eitt í Hellisleiðinni, hafa verið að hreinsa grjót, en til að fara áfram upp gilið, fyrir ofan vatnið, Lifrafjallahálsinn, grænt gil, mjög óskýrt, engar stikur, mjög strjalar. Kindastígur þarna sem liggur betur í landinu. Mætti líka vera skilti þarna, slóðinn gefur til kynna að maður gæti farið ranga leið. Hestaslóðinn liggur þar. Greina í sundur reiðleið og gönguleið.

Hákon: Hellismenn voru í endurstikun, landverðir munu skoða þessa leið í sumar.

Davíð: Klukkugilsleið: hún er stikuð fallega upp gilið en glórulaus stikunin yfir flæðirnar vegna þess að það er stikað beint af augum og yfir mjög viðkvæmt svæði, örlítið vestar er betra svæði, áreyrar með engum gróðri. Mjög falleg leið en stikunin ekki góð.

Magni: Hellismannaleið: þarf vegvísi eftir að þú kemur upp Dómadalsleiðina, tekur við hæð til að komast upp hálsinn, þar er vegur upp á topp, gamall slóði, en vantar stikur, ef þú horfir upp í

hæðina er gilið á hægri hönd, rétt byrjað að myndast trail upp með gilinu, þarf að stika mun þéttar.

Hjólreiðamenn vilja gjarnan taka þátt í að halda við stikum/leiðum.

Framtíðin: Sigurgeir – eru margar leiðir sem koma á næstu árum, þetta sport er að stækka, gjarnan vilja þau búa til nýjar leiðir og bjóða krafta sína í það. Ekki þannig að allir fjallahjólarar hafa áhuga á þessu svæði. Ekki mikið hjólandi miðað við gangandi.

Hjólreiðamenn sjá fyrir sér að það væri gaman að gera sína eigin fjallahjólaleið.

Væri hægt að gera heimsklassa hjólaleið – en þarf tíma mannskap og pening.

Davíð: torfajökulssvæðið – sjá ekki fyrir sér hjólaleiðir þar í nánustu framtíð. Einhverjir villuslóðar kringum vötnin, búið að setja band en velta fyrir sér hvort megi hjóla? Pælingar um slóða – eru alltaf að leita af nýjum slóðum.

### **Atvinnustefnan kynnt fundarmönnum**

Fagna atvinnustefnunni og þeim kröfum sem þarf að uppfylla.

Hákon: í áætluninni myndum við setja upp rammann fyrir atvinnustefnuna –